

JENS BARNAVESTI

ÚR BÖRSTET ULD FRÁ HJERTEGARN



HJERTEGARN
Since 1926

JENS BARNAVESTI ÚR BÖRSTET ULD

STÆRÐIR

2 (4) 6 (8) 10 ára.

UMMÁL Á BRINGU

U.þ.b. 62 (67) 72 (77) 82 sm.

HEILDARLENGD

U.þ.b. 38 (41) 44 (47) 50 sm.

GARN FRÁ HJERTEGARN

Børstet uld (25% Alpakka, 57% ull, 18% nylon).

2 (2) 2 (3) 3 (3) dokkur, litur nr. 1285 eða 282.

PRJÓNAR

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 4 og 7.

PRJÓNFESTA

14-15 lykkjur sléttprjón á prjóna nr. 7 = 10 x 10 sm.

PRJÓNAADFERÐ

Byrjað er neðst á vestinu og fram- og bakstykki prjónuð sitt í hvoru lagi.

BAKSTYKKI

Fitjið upp 45 (49) 53 (57) 61 lykkjur á prjóna nr. 4. Prjónið brugðningu (1 slétt, 1 brugðin) fram og til baka 3 (3) 4 (4) 5 sm.

Skiptið yfir á prjóna nr. 7 og prjónið sléttprjón fram og til baka þar til stykkið mælist alls 23 (25) 27 (29) 31 sm. Næsta umferð er á réttunni.

Fellið af 4 lykkjur í byrjun á næstu tveim umferðum fyrir handveg. Í næstu umferð á réttunni er gerð laskaúrtaka þannig: prjónið 2 slétt, prjónið 2 slétt saman, prjónið þar til eftir eru 4 lykkjur á prjóninum, takið 1 lykkju óprjónaða fram af og látið hana snúið yfir á vinstri prjóninn, prjónið 2 snúið slétt saman, prjónið 2 slétt.

Prjónið brugðið til baka. Endurtakið laskaúrtöku alls 3 (3) 4 (4) 5 og endið á brugðinni umferð. Prjónið sléttprjón fram og til baka þar til handvegur mælist 15 (16) 17 (18) 19 sm. Fellið af.

FRAMSTYKKI.

Prjónið framstykkið eins og bakstykkið þar til handvegur mælist 10 (11) 12 (13) 14 sm.

Næsta umferð er á réttunni. Fellið af 7 (7) 9 (9) 11 lykkjur í miðju fyrir hálsmál og prjónið hvora öxl fyrir sig.

Fellið af 2,1,1 lykkju í byrjun umferðar frá hálsmáli, prjónið sléttprjón þar til stykkið er jafnlangt bakstykkinu. Fellið af. Prjónið hina öxlina eins.

FRÁGANGUR OG KANTAR

Saumið saman axlir og hliðar.

Prjónið upp 9 lykkjur af hverjum 10 lykkjum/umferðum meðfram hálsmálinu, notið prjóna nr. 4 og prjónið 3 sm. brugðningu 1 slétt, 1 brugðin, fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum.

KANTUR UM HANDVEG

Prjónið upp 9 lykkjur af hverjum 10 lykkjum/umferðum meðfram handveginum og prjónið brugðningu (1 slétt, 1 brugðin) 2 (2) 3 (3) 3 sm.

Fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Passið að jafnmargar lykkjur verði um hvorn handveg. Gangið vel frá öllum endum.

